

# Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Þar sem tvö tré standa saman – þar er skógur



Íris Arnardóttir

Náms- og starfsráðgjafi Hörðuvallaskóla

## MARKMIÐ:

Skólinn leitast við að ná aukinni meðvitund nemenda um fjölbreytileika samfélagsins sem við búum í. Að efla jafnréttisvitund nemenda, miðað við aldur þeirra og þroska, sem og að gera rými í náminu fyrir markvissa náms og starfsfræðslu á öllum skólastigum.

Heildræn náms- og starfsráðgjafaráætlun er ekki til í grunnskólum landsins, okkur vitandi. Þess vegna fannst okkur tilvalið að reyna að brúa bilið milli skólastiga með viðeigandi verkefnum er varða jafnrétti, námsval og skólafærni/atvinnumarkaðsfærni til að búa nemendur sem best undir framtíðina.

Markmiðið okkar er að breyting verði á vitund þeirra nemenda sem taka þátt í þróunarverkefninu varðandi jafnan rétt kynjanna, kynbundið starfsval og starfshugsun. Að nemendur átti sig á því að bæði kynin hafa aðgang að þeim verkefnum í lífinu sem þau hafa áhuga á að takast á við.

## LEIÐIR:

**4.bekkur:** unnið er eftir 3. stigum könnunaraðferðarinnar þ.e.

- a) hvað vita börnin í byrjun (algerlega þeirra upplifun). Vefur búinn til, hvað þarf að vera til staðar til að búa til bæ. Byrjað að byggja upp bæinn, klippt úr kartoni og bætt við eftir því sem tíminn líður.

-b) hvaða viðbótarupplýsingar hafa þau aflað í miðju ferli. Farið að ræða hvaða störf þurfi að vera í bænum. Bætt við bæinn, klippt úr kartoni og bætt við þarfir bæjarins.

-c) hvaða vitneskja hefur bæst við þekkingu þeirra í lokin. Búið til fólk til að búa í bænum, mismunandi fjölskyldugerðum og starfsheitum bætt við.

**8.bekkur:** unnið með kynbundna starfsímynd, staðalímyndir, mikilvægi starfa ofl.

-a) nemendur fá autt blað, byrja setningu á „jafnrétti er“ og eiga að klára setninguna. Svo eiga þau að teikna mynd af jafnrétti á hina hliðina.

-b) nemendur fá úthlutað störfum skv. Verkefni bls. 20 í könnun á atvinnulífinu. Þau fá s.s. úthlutað eftirfarandi störfum:

- |                         |               |
|-------------------------|---------------|
| • Bakari                | Malari        |
| • Blikksmiður           | Bóndi         |
| • Rafvirki              | Búfræðingur   |
| • Rafmagnsverkfræðingur | Jarðfræðingur |
| • Rafveituvirki         | Efnafræðingur |
| • Byggingaverkfræðingur | Prentari      |

Því næst koma þau upp að töflu og skrifa það sem þau telja sig vita um þessi störf sem þau fengu úthlutað. Að því loknu er spurt hvort þau sjái einhverja tengingu á milli starfanna og þá hvaða. Svo er lesin sagan á bls. 20 í bókinni til að hjálpa þeim að sjá hversu mikið störf geta tengst (í þessu tilviki, hvað þarf mörg starfsheiti/svið til að búa til eitt brauð).

-c) bekknum er kynjaskipt og stákarnir beðnir að skrifa á blað þau störf sem þeir telja vera týpísk kvennastörf og stelpurnar skrifa það sem þeim finnst vera týpísk karlastörf. Í lokin er rætt hvaða laun nemendur telja vera lág og gerður vefur út frá því sem þau telja vera láglau nastörf. Búið er að finna út raunveruleg laun fyrir þau störf sem nemendur töldu upp og á að sýna þeim það síðar.

### **RÖKSTUÐNINGUR FYRIR VINNUBRÖGÐUM:**

4. bekkur: Við teljum að vefurinn (tengdur við könnunaraðferðina) henti mjög vel með 4. bekk þar sem þekking nemenda og framvinda er gerð sýnileg. Það er okkar trú að verkefnið verði áþreifyanlegra með umræðum í bekknum og raunverulegra með því að nemendur taki þátt í uppbyggingu bæjarins með því að búa til hús, fyrirtæki og fjölskyldur. Hin eiginlega fræðsla um jafnrétti fer því fram í umræðum sem við reiknum með að skili sér í framkvæmd nemenda þ.e. þegar bærinn þeirra rís.

8. bekkur: Stefnt er að því að hafa tímana eins fjölbreytta og kostur er með það að leiðarljósi að vekja áhuga nemenda. Þeir eru mjög uppteknir af kynjamun án þess að gera sér grein fyrir hvers vegna og ræða því þessi mál oft án alls rökstuðnings. Því teljum við mikilvægt að kenna þeim rökvísi í máli og gagnrýna hugsun. Ætlum við því að tengja sum verkefnanna rökræðum, þar sem hóparnir eru með eða á móti einhverju málefni sem þeir þurfa að rökstyðja. Námsráðgjafi velur það kennsluform sem hentar í það og það skiptið t.a.m. skiptir hann tímunum milli heimastofu og skrifstofu námsráðgjafa þar sem allir sitja saman, kveikt er á kerti og spjallað.

Okkar mat er að það sé ágætt fyrirkomulag að hafa tímana fljótandi, þó búið sé að gera námsáætlun, er gott að grípa tækifæri sem koma upp t.d. í umræðum við nemendur. Það þýðir auðvitað að bregða verður út af námsáætlun en ef tækifærisumræður eða verkefni vekja áhuga nemenda þá er það í lagi. Sem dæmi um þetta voru nemendur í byrjun október mjög uppteknir af kreppunni svo námsráðgjafi bjó til „kreppuglæsur“.

### **ÁVINNINGUR:**

4. bekkur: ávinningurinn sem við vonumst til að sjá hjá 4. bekk er aukin meðvitund á fjölbreyttu samfélagi þar sem öll störf eru jafnauðsynleg samfélaginu sem við búum í. Í þessum tímum eru alltaf bæði kennari og námsráðgjafi og því getur annar hvor skráð hjá sér hugmyndir nemanda um störf, kynjamun og staðalímyndir. Við teljum könnunaraðferðina henta vel þar sem hún styður það að byggja á þekkingu nemenda frá hinu óþekktu til hins þekktu með því að tengja ferlið eins mikið og hægt er við þær aðstæður sem nemendur þekkja.

Það er auðvitað ósk okkar að eftir þetta verkefni verði nemendur ekki eins fljótir að dæma „konur geta ekki verið forseti“ - „karlar kunna ekki að passa börn“. Einnig að þeir öðlist ríkari skilning á að við erum ólík sem einstaklingar og að við veljum framtíðarstörf okkar eftir áhugasviði en ekki kyni.

8.bekk Hvað 8. Bekk varðar viljum við gjarnan ná þeim ávinningi að nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun, fá þá aðeins út fyrir sitt eiginlega sjálf og læra að, þó mikilvægt sé að falla í hópinn, er líka mikilvægt að geta varið sína eigin skoðun og rökstutt hana. Við viljum styrkja sjálfsmynd og lífssýn nemenda svo þeir öðlist sterkari sýn á eigin getu, áhuga og taki ákvarðanir óháð kyni eða staðarlímyndum.

#### **MAT:**

Námsráðgjafi skipuleggur verkefnið inna skólans en vinnur í samvinnu við tvo kennara í 4.bekk, einn kennara í 8. bekk, deildarstjóra yngsta stigs, deildarstóra elsta stigs ásamt skólastjóra.

Ferlið er nokkurn vegin á þessa leið:

1. Ákveðið er hvað á að leggja áherslu á og hvernig framkvæmd skuli háttað. Markmið sett. Löngun er fyrir hendi að skoða mun á kynjaðri hugsun 4.bekkinga og 8.bekkinga.
2. Námsráðgjafi skráir tímasetningar og námsáætlun verkefnis fyrir kennara, fjölda funda ákveðin þ.e. í byrjun ferlis, miðju þess og enda. Aðrir fundir varðandi verkefnið eru skipulagðir með stuttum fyrirvara.
3. Kennarar og námsráðgjafi taka reglulega myndir af ferlinu og skrá hjá sér athugasemdir og hugmyndir nemenda.
4. V ið annaskil verður athugað hvaða gögn hafa safnast, hvernig ferlið hefur gengið og hvort við erum á réttri leið til að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur.
5. Eftir áramót fá nemendur vinnubók þar sem þeir verða að skrá eigin hugleiðingar um það efni sem eru til umræðu í hvert skipti. Þessi vinnubók verður svo notuð sem hluti af mati.
6. Í lokin (í vor) verður farið yfir öll gögn (teikningar, skráningar, verkefni og myndir). Niðurstöður túlkaðar og skráðar í skýrslu. Rætt hefur verið um það að halda sýningu á verkum nemenda en ekki er búið að útfæra það nánar.

## **KENNSLULEIÐBEININGAR:**

Hugsi- um rökræðulist og lífsleikni

Höfundar: Matthías Viðar Sæmundsson og Sigurður Björnsson

Könnun á Atvinnulífinu – vinnubók í starfsfræðslu í 8.bekk

Þýðing: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

Starfsfræði – handa efstu bekkjum grunnskóla

Þýðing: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

Kynlega klippt og skorið

Höfundar: Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson

Queen bees and wannabees

Höfundur: Rosalin Wiesman

Huxarinn – vinnubók fyrir elsta stig grunnskóla

Höfundur: Íris Arnardóttir (er í vinnslu)